

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

Trúnaðarmál Uppgefið verð innifelur 24% vsk. nema annað sé tekið fram.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur, 540602-4410, Árnesi, 801 Selfossi, í samningi þessum nefnt þjónustukaupi, og Síminn hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, í samningi þessum nefnt þjónustusali, sameiginlega nefnd aðilar, gera með sér svofelldan:

Þjónustusamningur

1. gr. Markmið samnings

Markmið þjónustusamningsins er að tryggja þjónustukaupa lausnir og þjónustu á sviði samskipta og upplýsingatækni þar sem haft er að leiðarljósi rekstraröryggi, hagkvæmni, fjölbreytt þjónustuframboð og gæði er varðar þjónustu þjónustusala.

2. gr. Viðaukar

Samningurinn samanstendur af þjónustupáttum sem skilgreindir eru í viðauka 1. Eftirfarandi viðaukar er hluti þessa samnings:

Viðauki 1 – Þjónustupættir og verð

Viðauki 2 – Samskipti

3. gr. Þjónustugjald

Þjónustugjald er byggt á verði og umfangi þjónustupátta sem valdir eru í viðauka 1, sbr. einnig 5. gr. Verð er tilgreint í íslenskum krónum og er með virðisaukaskatti, nema að annað sé tekið fram. Reikningsfært er mánaðarlega, mánaðargjöld fyrirfram og notkun eftir á.


4. gr. Reikningar

Reikningar þjónustusala vegna þjónustu sem veitt er á grundvelli þessa samnings skulu vera sundurliðaðir og skilmerkilega uppsettir og í samræmi við þá þjónustupætti sem keyptir eru, sbr. viðauki 1. Ágreiningur um fjárhæð reiknings heimilar þjónustukaupa ekki að hafna greiðslu á þeim hluta sem ekki er umdeildur.

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar. Gjald dags er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 15 dögum eftir gjalddaga. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal þjónustukaupi greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

5. gr. Breytingar á verðskrá

Komi til breytinga á almennri verðskrá þjónustusala, getur hann breytt þjónustugjaldi sínu í samræmi við þær. Sé um breytingar til hækkunar að ræða skulu þær taka gildi frá og með næstu mánaðamótum en breytingar til lækkunar skulu taka gildi um leið og hinar almennu breytingar taka gildi.



2

6. gr. Breytingar á verðskrá fyrir notendaleyfi og búnað

Þjónustusali áskilur sér fullan rétt til þess að breyta verði sem ræðst af notendaleyfum og búnaði sem þjónustusali greiðir þriðja aðila fyrir í erlendri mynt, í samræmi við gengisþróun krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Þjónustusali áskilur sér sama rétt ef mánaðargjöld erlendra birgja breytast. Framangreindar verðbreytingar skulu tilkynntar þjónustukaupa með 30 daga fyrirvara. Við óvenju sérstakar aðstæður, t.d. vegna verulegrar gengislækkunar á skömmum tíma, er þjónustusala heimilt að breyta verði í samræmi við kostnaðarauka sem af því hlýst fyrir þjónustusala, en tilkynna þjónustukaupa um breytingarnar eftir að þær eiga sér stað.

7. gr. Aukaverk

Vinni þjónustusali önnur verk en þau sem tilgreind eru í viðauka 1 eða öðrum hlutum þessa samnings rúkkar hann þjónustukaupa vegna þeirra í samræmi við verðskrá sína fyrir útselda vinnu, nema um annað sé samið sérstaklega. Önnur vinna, sem og kostnaður sem verður til hjá þriðja aðila við innleiðingu samnings er ekki innifalin í samningi þessum, heldur á ábyrgð þjónustukaupa.

8. gr. Umsjónamenn

Þjónustukaupi og þjónustusali geta tilnefnt umsjónarmenn sem hafa eftirlit með samningnum og framkvæmd hans. Umsjónarmaður þjónustukaupa hefur umboð til að breyta einstökum samböndum eða gera aðrar minniháttar breytingar. Séu umsjónarmenn tilgreindir skulu nöfn þeirra tilgreind í viðauka 2.

9. gr. Stöðufundir

Samningsaðilum er heimilt að óska eftir almennum stöðufundum eða stöðuskýrslum eftir þörfum. Tilgangur fundanna er að tryggja að samningnum sé framfylgt og þjónustusali uppfylli væntingar þjónustukaupa um gæði þjónustunnar. Einnig má taka fyrir óskir um breytingar á þjónustustigi samningsins og gera ráðstafanir til að fylgja þeim eftir. Þjónustusali skal semja fundargerð og skal hún að jafnaði send þjónustukaupa eigi síðar en tveimur virkum dögum frá fundardegi. Fundargerð telst samþykkt ef engar athugasemdir hafa borist innan fimm virkra daga frá því að hún berst viðtakanda.

10. gr. Aðgengi

Þjónustukaupi skal leitast við að fara eftir leiðum sem skilgreindar eru í viðauka 2. Fari þjónustukaupi ekki eftir skilgreindum leiðum getur þjónustusali ekki ábyrgst þjónustustig samnings. Þjónustukaupi ber ábyrgð á að þjónustusali hafi greiðan aðgang að búnaði sem hann varðar og skal sjálfur semja vinnureglur þar um.

11 gr. Samtenging

Allar ráðstafanir vegna samtenginga í húsakynnum þjónustukaupa skulu vera á kostnað og forræði hans. Þegar tengja á búnað í húsakynnum þjónustukaupa við búnað í kerfisrými þjónustusala, skal þjónustukaupi tryggja þjónustusala nauðsynlegan aðgang að búnaði sínum auk allra nauðsynlegra upplýsinga. Allar ráðstafanir í kerfisrými þjónustusala skulu vera á forræði hans.



12. gr. Framsal

Aðila er óheimilt að framselja réttindi og skyldur á grundvelli samningsins nema að fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til dótturfyrirtækja sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis. Efni framsalshafi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum skal framseljandi þó bera ábyrgð á réttum efndum hans gagnvart gagnaðila.

13. gr. Ábyrgðartakmarkanir

Bótaskylda aðila innan samnings þessa takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og gera má ráð fyrir að sé afleiðing af vanefnd samnings þessa. Bótaábyrgð innan samningsins nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðju aðila að hluta til eða að öllu leyti.

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til breytinga á veituspennu, rafmagnstruflana eða annarra utanaðkomandi áhrifa.

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, nema rekja megi tjónið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis af hans hálfu.

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem þjónustukaupi eða þriðji aðili á vegum þjónustukaupa verður valdur að án meðábyrgðar þjónustusala.

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna neyðarréttarlegra, óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans, þ.m.t. möguleg bótaábyrgð, niður á meðan slíkt ástand varir.

Fyrir hvers konar mistök, villur, vanrækslu, truflanir, tafir, tjón eða galla á þjónustu þjónustusala á grundvelli þessa samnings og viðauka hans, skal bótaábyrgð þjónustusala fyrir hvert tjónstilvik nema að hámarki þeirri þóknun sem þjónustukaupi hefur sannanlega greitt til þjónustusala vegna þeirrar tilteknu þjónustu sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón.

Bótaskylda þjónustusala í tengslum við samning þennan eða athafnir sem unnar eru í tengslum við samning þennan skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en 500.000 kr. samanlagt.

14. gr. Eignaréttur

Samningur þessi skal engin áhrif hafa á eignarétt aðila og/eða afnotarétt af hvers konar vél-, net- og hugbúnaði, öðrum hugverkum, atvinnuleyndarmálum, gögnum, trúnaðarupplýsingum og öðru efni sem tengist þjónustu skv. samningi þessum.

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

Ef aðilar gera sérstakt samkomulag í tengslum við framkvæmd samningsins um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað eða hugverk og réttindi tengd því, skal hin endurbætta eða þróaða lausn vera hluti af réttindum þess aðila, nema um annað sé samið.



15. gr. Trúnaður

Samningur þessi og innihald hans er háð trúnaði á milli samningsaðila þar til um annað er samið sérstaklega. Öll gögn og upplýsingar sem þjónustusali verður vísari um þjónustukaupa og skjólstæðinga hans skal vera trúnaðarmál þeirra á milli. Þjónustukaupi skal á sama hátt gæta fyllsta trúnaðar um gögn og upplýsingar er varða þjónustusala. Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samnings þessa.

Aðilar skuldbinda sig til að ljósra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að séu á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkar aðstæður stafi af broti á þessu ákvæði.

Þagnarskylda skal gilda áfram eftir að gildistíma samnings lýkur.

16. gr. Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir í 3 ár frá og með næstu mánaðarmótum frá undirritun, sé samningur undirritaður fyrir 20 dag mánaðar. Að öðrum kosti gildir samningurinn frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir. Að þeim tíma liðnum framlengist samningurinn um eitt ár í senn.

Hægt er að segja upp samningi þessum með 6 mánaða fyrirvara frá undirritunardegi hvenær sem er á samningstímanum.

Ef samið er um fleiri en einn þjónustubátt, þá er þjónustukaupa heimilt er að segja upp einum eða fleiri þjónustubáttum (t.d. talsímaþjónustu) með framangreindum uppsagnafresti án þess að slíkt hafi áhrif á verð eða skilmála sem gilda um aðra þjónustubætti (t.d. farsímaþjónustu eða gagnaflutningsþjónustu). Sé aðeins tilteknum þjónustubætti sagt upp þá gildir samningurinn eftir sem áður um aðra þjónustubætti.


Óski þjónustukaupi eftir því að slíta samningum áður en sex mánaða uppsagnarfresturinn rennur út þá skal hann greiða gjald sem samsvarar 70% af meðaltali greiddra gjalda (þ.m.t. mánaðargjöld og gjöld vegna notkunar) vegna viðkomandi þjónustubáttar á síðustu þremur mánuðum. Skal gjaldið greitt fyrir hvern þann mánuð sem eftir er af uppsagnarfresti.

17. gr. Riftun

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningi þessum ef um verulegar vanefndir er að ræða. Riftunin skal vera skrifleg, rökstudd og send gagnaðila með sannanlegum hætti. Riftun skal miðast við næstu mánaðarmót eftir að riftunaryfirlýsing hefur verið send. Að öðru leyti gilda almennar reglur kröfuréttarins.

18. gr. Greiðslustöðvun og gjaldþrot

Ef til greiðslustöðvunar eða gjaldþrots kemur hjá aðilum samnings þessa fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi.



19. gr. Upplýsingaöryggi

Þjónustusali starfrækir stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis skv. staðlinum ISO/IEC 27001:2013 um stjórnun upplýsingaöryggis. Þjónusta hans sem veitt er á grundvelli þessa samnings byggist á þeim staðli eftir því sem við á. Skuldbindur þjónustukaupi sig til að virða þær öryggisreglur þjónustusala sem þjónustukaupi er upplýstur um.

Þjónustukaupi telst ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari áorðnum breytingum, að því er varðar hvers konar efni sem afritað er í samræmi við samning þennan og áður nefnd lög ná yfir, enda leiði ekki annan skilning af lögnum. Þjónustusali telst eftir atvikum vinnsluaðili skv. sömu lögum vegna vinnslu á efni þjónustukaupa skv. samningnum.

20. gr. Annað

Þessi samningur, ásamt öllum viðaukum hans, kemur í stað allra fyrri samninga eða tilboð varðandi sama efni. Samningnum má aðeins breyta eða endurskoða á skriflegan hátt.

Breytingar á viðaukum þessa samnings verða aðeins gerðar að báðir aðilar samþykki þær með skriflegum hætti.

21. gr. Varnarping

Ef upp koma mál vegna ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem ekki er mögulegt að leysa með samkomulagi beggja skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Almennir skilmálar þjónustusala um fjarskiptajónustu, IP/MPLS og ATM þjónustu og internetþjónustu, eins og þeir eru á hverjum tíma, teljast hluti þessa samnings. Skulu ákvæði þeirra gilda þar sem ekki er kveðið á um annað í samningi þessum. Skilmálar þjónustusala eru birtir á vefsíðu hans, www.siminn.is.

Ef misræmi er á milli samnings og viðauka, gilda ákvæði samnings þessa.

Arna 30. maí 2018

Staður – dagsetning



[Handwritten signature]
F.h. þjónustukaupa

[Handwritten signature]
F.h. Símans hf.

Kristjana Kuyder G.
Vottur – nafn og kt. 291250-3519

Vottur – nafn og kt.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR SÍMAVIST

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR, KT. 540602-4410, ÁRNESI, 801 SELFOSS, Í SAMNINGI ÞESSUM NEFNDUR „ÞJÓNUSTUKAUPI“, OG SÍMINN HF., KT. 460207-0880, ÁRMÚLA 25, 108 REYKJAVÍK, Í SAMNINGI ÞESSUM NEFNDUR „ÞJÓNUSTUSALI“, SAMEIGINLEGA NEFND „AÐILAR“, GERA MEÐ SÉR SVOFELLDAN:

Þjónustusamning

1. gr. Markmið samnings

Markmið þjónustusamningsins er að tryggja þjónustukaupa lausnir og þjónustu á sviði samskipta og upplýsingatækni þar sem haft er að leiðarljósi rekstraröryggi, hagkvæmni, fjölbreytt þjónustuframboð og gæði er varðar þjónustu þjónustusala.

2. gr. Viðaukar

Samningurinn samanstendur af þjónustupáttum sem skilgreindir eru í viðauka 1 og 3. Eftirfarandi viðaukar eru hluti þessa samnings:

Viðauki 1: Afhending og þjónusta

Viðauki 2: Samskipti

Viðauki 3: Tilboð

Viðauki 4: Greiðsludreifing á búnaði

Viðauki 5: Leiga á endabúnaði

3. gr. Þjónustugjald

Þjónustugjald er byggt á verði og umfangi þjónustupátta sem valdir eru í viðauka 3, sbr. einnig 5. gr. Verð er tilgreint í íslenskum krónum og er með virðisaukaskatti. Reikningsfært er mánaðarlega, mánaðargjöld fyrirfram og notkun eftir á. Vinni þjónustusali önnur verk en þau sem tilgreind eru í viðauka 3 eða öðrum hlutum þessa samnings rúkkar hann þjónustukaupa vegna þeirra í samræmi við verðskrá sína fyrir útselda þjónustu, nema um annað sé samið sérstaklega.

4. gr. Stofnverð

Stofnverð vegna þjónustu sem talinn er upp í viðauka 3 kann að verða fellt niður að einhverju leyti við undirritun samnings, enda sé þess getið sérstaklega í fyrrgreindum viðaukum. Ljúki samningssambandi samningsaðila fyrir umsaminn tíma að frumkvæði þjónustukaupa, af hvaða ástæðu sem er eða vegna riftunar af hálfu þjónustusala í samræmi við ákvæði þessa samnings, skal þjónustukaupi greiða þjónustusala allt stofnverð í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gildistíma samnings sbr. 15 grein.


5. gr. Reikningar

Reikningar þjónustusala vegna þjónustu sem veitt er á grundvelli þessa samnings skulu vera sundurliðaðir og skilmerkilega uppsettir og í samræmi við þá þjónustupætti sem keyptir eru, sbr. viðauki 3. Ágreiningur um fjárhæð reiknings heimilar þjónustukaupa ekki að hafna greiðslu á þeim hluta sem ekki er umdeildur.

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar. Gjaldþagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 2 vikum eftir gjalddaga. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal þjónustukaupi greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

6. gr. Breytingar á verðskrá

Komi til almennra breytinga á verðskrá þjónustusala, getur hann breytt þjónustugjaldi sínu í samræmi við þær. Sé um breytingar til hækkunar að ræða skulu þær taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum en breytingar til lækkunar skulu taka gildi um leið og hinar almennu breytingar taka gildi.



7. gr. Breytingar á verðskrá fyrir notendaleyfi og búnað

Þjónustusali áskilur sér fullan rétt til þess að breyta verði sem greitt er vegna notendaleyfa og búnaðar sem greitt er fyrir í erlendri mynt í samræmi við gengisþróun krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Slíkar verðbreytingar skulu tilkynntar þjónustukaupa með 30 daga fyrirvara. Við óvenju sérstakar aðstæður, t.d. vegna verulegrar gengislækkunar á skömmum tíma, er þjónustusala heimilt að tilkynna verðbreytingar með skemmri fyrirvara.

8. gr. Aðgengi

Þjónustukaupi skal nota þær samskiptaleiðir sem skilgreindar eru í viðauka 2. Fari þjónustukaupi ekki eftir skilgreindum leiðum getur þjónustusali ekki ábyrgst þjónustustig samnings.

9. gr. Gæði þjónustu

Skilmálar þessa samnings eru miðaðir við að þjónustan sé veitt yfir IP net Símans, enda getur þjónustusali ekki ábyrgst sömu gæði þjónustunnar á öðrum netum, þ.m.t. internet. Í þeim tilfellum sem þjónustan er veitt yfir önnur net ber þjónustukaupanda að leita fyrst til síns netþjónustuveitanda þegar upp koma atvik tengd þjónustunni. Ástæðan fyrir þessu er að algengustu atvik þjónustunnar má rekja til undirliggjandi netþjónustu.

10. gr. Skyldur þjónustukaupa

Þjónustukaupi ber ábyrgð á að þjónustusali hafi greiðan aðgang að endabúnaði sem hann varðar og skal sjálfur semja vinnureglur þar um. Þjónustukaupi ber áhættuna ef þörf er á enduruppsetningu endabúnaðar af einhverjum ástæðum. Sé afhending þjónustu eða endabúnaðar ábótavant, hvílir sú skylda á þjónustukaupa að láta þjónustusala vita um það þegar í stað með tryggilegum hætti og mun þjónustusali hlutast til um úrbætur. Þjónustukaupi öðlast hins vegar ekki kröfu á hendur þjónustusala vegna þess. Þjónustukaupi skal beina öllum þjónustubeiðnum á endabúnaði er varða þennan samning til þjónustusala í samræmi við viðauka 2.

11. gr. Samtenging

Allar ráðstafanir vegna samtenginga í húsakynnum þjónustukaupa skulu vera á kostnað og forræði hans. Þegar tengja á búnað í húsakynnum þjónustukaupa við búnað í kerfisrými þjónustusala, skal þjónustukaupi tryggja þjónustusala nauðsynlegan aðgang að búnaði sínum auk allra nauðsynlegra upplýsinga. Allar ráðstafanir í kerfisrými þjónustusala skulu vera á forræði hans.

12. gr. Framsal

Aðila er óheimilt að framselja réttindi og/eða skyldur á grundvelli samningsins nema að fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og/eða skyldur samkvæmt samningnum til dótturfyrirtækja sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis. Efni framsalshafi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum skal framseljandi þó bera ábyrgð á réttum efndum hans gagnvart gagnaðila.

13. gr. Ábyrgðartakmarkanir

Bótaskylda aðila innan samnings þessa takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og gera má ráð fyrir að sé afleiðing af vanefnd samnings þessa. Bótaábyrgð innan samningsins nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til breytinga á veituspennu, rafmagnstrufana eða annarra utanaðkomandi áhrifa.

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, nema rekja megi tjónið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis af hans hálfu.

Þjónustusali ber ekki ábyrgð á tjóni sem þjónustukaupi eða þriðji aðili á vegum þjónustukaupa verður valdur að án meðábyrgðar þjónustusala.

Þjónustukaupi ber ábyrgð á öryggismálum er varða húsakynni hans og búnað.

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna neyðarréttarlegra, óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans, þ.m.t. möguleg bótaábyrgð, niður á meðan slíkt ástand varir.

Fyrir hvers konar mistök, villur, vanrækslu, truflanir, tafir, tjón eða galla á þjónustu þjónustusala á grundvelli þessa samnings og viðauka hans, skal bótaábyrgð þjónustusala fyrir hvert tjónstílvik nema að hámarki þeirri þóknun sem þjónustukaupi hefur sannanlega greitt til þjónustusala vegna þeirrar tilteknu þjónustu sem tjónið tengist á síðustu þremur mánuðum fyrir það atvik sem orsakaði umrætt tjón. Þó skal bótaskylda þjónustusala, í tengslum við samning þennan eða athafnir sem unnar eru í tengslum við samning þennan, aldrei nema hærri fjárhæð en 500.000 kr. samanlagt.

14. gr. Eignaréttur

Samningur þessi skal engin áhrif hafa á eignarétt aðila og/eða afnotarétt af hvers konar vél-, net- og hugbúnaði, öðrum hugverkum, atvinnuleyndarmálum, gögnum, trúnaðarupplýsingum og öðru efni sem tengist þjónustu skv. samningi þessum.

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

Ef aðilar gera sérstakt samkomulag í tengslum við framkvæmd samningsins um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað eða hugverk og réttindi tengd því, skal hin endurbætta eða þróaða lausn vera hluti af réttindum þess aðila, nema um annað sé samið.

15. gr. Trúnaður

Samningur þessi og innihald hans er háð trúnaði á milli samningsaðila nema sérstaklega sé samið um annað. Öll gögn og upplýsingar sem þjónustusali verður vísari um þjónustukaupa og skjólstæðinga hans skal vera trúnaðarmál þeirra á milli. Þjónustukaupi skal á sama hátt gæta fyllsta trúnaðar um gögn og upplýsingar er varða þjónustusala. Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samnings þessa.

Aðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttækið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að séu á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkar aðstæður stafi af broti á þessu ákvæði.

Þagnarskylda helst einnig eftir að eftir að samningsaðila lýkur.

16. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir í 3 ár frá og með næstu mánaðamótum frá undirritun, sé samningur undirritaður fyrir 20. dag mánaðar. Að öðrum kosti gildir samningurinn frá og með næstu mánaðamótum þar á eftir. Að þeim tíma liðnum framlengist samningurinn um eitt ár í senn.

17. gr. Uppsögn og riftun

Hægt er að segja upp samningi þessum með 6 mánaða fyrirvara frá undirritunardegi hvenær sem er á samningstímanum.

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningi þessum ef um verulegar vanefndir er að ræða. Riftunin skal vera skrifleg, rökstudd og send gagnaðila með sannanlegum hætti. Riftun skal miðast við næstu mánaðamót eftir að riftunaryfirlýsing hefur verið send. Að öðru leyti gilda almennar reglur kröfuréttarins.

Ljúki samnings sambandi samningsaðila fyrir umsaminn lágmarkstíma að frumkvæði þjónustukaupa, af hvaða ástæðu sem er eða vegna riftunar af hálfu þjónustusala í samræmi við ákvæði þessa samnings, skal þjónustukaupi greiða þjónustusala allan stofnkostnað í réttu hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gildistíma samnings sbr. 15 grein. Gjald daga stofnkostnaðar af þessu tilefni skal vera tíu (10) dögum eftir að samningi aðila lýkur eða tilkynning um riftun er send.

18. gr. Greiðslustöðvun og gjaldþrot

Ef til greiðslustöðvunar eða gjaldþrots kemur hjá aðilum samnings þessa fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi.

19. gr. Upplýsingaöryggi

Þjónustusali starfar samkvæmt staðlinum ISO 27001:2013 um stjórnun upplýsingaöryggis. Þjónusta hans sem veitt er á grundvelli þessa samnings byggist á þeim staðli eftir því sem við á. Skuldbindur þjónustukaupi sig til að virða þær öryggisreglur þjónustusala sem þjónustukaupi er upplýstur um.

Þjónustukaupi telst ábyrgðaraðili í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að því er varðar hvers konar afritun eða söfnun persónuupplýsinga í samræmi við samning þennan og viðauka og áður nefnd lög ná yfir, enda leiði ekki annan skilning af lögunum. Þjónustusali telst eftir atvikum vinnsluaðili skv. sömu lögum vegna vinnslu á efni þjónustukaupa skv. samningnum.

Fellur það í hlut ábyrgðaraðila vinnslu persónuupplýsinga, í þessu tilviki þjónstukaupa varðandi söfnun og afritun persónuupplýsinga sem og eftirfarandi notkun þeirra upplýsinga, að gæta að ákvæðum laga nr. 77/2000 sé fylgt, þ. á m. um gerð vinnslusamnings við vinnsluaðila (hér þjónustusala).

20. gr. Annað

Breytingar á viðaukum þessa samnings verða aðeins gerðar að báðir aðilar samþykki þær með skriflegum hætti.

21. gr. Varnarþing

Ef upp koma mál vegna ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem ekki er mögulegt að leysa með samkomulagi beggja skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Almennir skilmálar þjónustusala um fjarskiptajónustu, internetþjónustu og Sí mavist eins og þeir eru á hverjum tíma, teljast hluti þessa samnings. Skulu ákvæði þeirra gilda þar sem ekki er kveðið á um annað í samningi þessum. Skilmálar þjónustusala eru birtir á vefsíðu hans, www.siminn.is.

Ef misræmi er á milli samnings og viðauka, gilda ákvæði samnings þessa.

Amú 30 maí 2018

Staður - dagsetning



Sveitarstjórn
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Björgvin M Þorvaldsson

F.h. Símans hf. - Björgvin M Þorvaldsson

Kristjana Heyden Gestsd.
291250-3579

Vottur - nafn og kt.

Vottur - nafn og kt.

Viðauki 1 – Afhending og þjónusta

1. gr. Innleiðing

Þjónustukaupi ábyrgist gæði og virkni net- og lagnakerfis síns ásamt aðgengi að því. Kjósi hann að fá úttekt á ástandi þess getur þjónustusali unnið þá vinnu á kostnað þjónustukaupa á grundvelli sérstakrar beiðni þar að lútandi. Þjónustusali mun þá leggja fram verkáætlun vegna úrbóta sem ráðast þarf í áður en uppsetning símkerfis hefst. Þjónustukaupi getur óskað eftir því að verkið verði unnið af þjónustusala eða haft samband við þriðja aðila. Þjónusta vegna innleiðingar er gjaldfærð skv. gildandi verðskrá Símans hverju sinni.

2. gr. Uppsetning símkerfis

Vinna vegna miðlægrar uppsetningar og stillinga fyrir þá þjónustu sem þjónustukaupi hefur óskað eftir er unnin eins og kostur er áður en þjónustusali mætir á vettvang hjá þjónustukaupa. Tiltekin vinna þjónustusala sem lýst er í 4. gr. þjónustusamnings og viðauka 3 og snýr að uppsetningu fyrirtækisins í miðlægum kerfum Símans nefnist stofnverð. Vinna við forritun á símtækjum, uppsetningu á endabúnaði þjónustukaupa, uppsetning tölvusíma og viðmótum þjónustunnar og aðlögun að hans upplýsingatæknihverfi er hins vegar unnin í tímavinnu og er gjaldfærð skv. gildandi verðskrá Símans hverju sinni.

Síminn ábyrgist ekki uppsetningu tækis sem keypt er af þriðja aðila. Við enduruppsetningu á tækinu geta komið upp aðstæður þar sem hugbúnaðaruppfærsla (firmware) misferst. Komi þær aðstæður upp (firmware recovery) getur reynst nauðsynlegt að hafa samband við söluaðila tækisins. Allur kostnaður vegna þessara aðgerða eru ábyrgð þjónustukaupa.

3. gr. Kennsla á símkerfi

Þjónustukaupi fær aðgang að umsjónarmannaviðmóti kerfisins, sbr. 6. gr., auk þess sem helstu leiðbeiningar sem fylgja kerfinu eru að finna á rafrænu formi á heimasíðu Símans www.siminn.is. Ef þörf er á frekari kennslu er hægt að fá sérfræðing frá Símanum til þess að halda námskeið og svara spurningum þjónustukaupa. Þjónustukaupi greiðir fyrir alla kennslu skv. gildandi verðskrá Símans hverju sinni.

4. gr. Formleg afhending símkerfis

Þegar þjónustusali hefur sett upp símkerfið skv. tilboði í viðauka 3 og lokið kennslu skv. 1. ml. 3. gr. telst afhendingu lokið. Þá staðfestir þjónustukaupi að afhending hafi farið fram. Auk þess getur þjónustukaupi óskað eftir því að fá upplýsingar um endanlegan stofnkostnað að afhendingu lokinni. Að lokinni afhendingu tekur við almennur rekstur á símkerfinu og hefur þjónustukaupi þá aðgang að Fyrirtækjaþjónustu Símans, sjá skilmála í viðauka 2.

5. gr. Þjónusta Símsstöðva

Þjónusta Símsstöðva samanstendur af hópi sérfræðinga við þjónustu SímaVistar. Þau mál sem Þjónustuborð Símans, 8004000, þarfnast aðstoðar við beinast til þessa hóps. Leitast er til að Þjónustuborð 8004000 vinni verk sem tengjast notendaþjónustu. Öll mál sem tengjast hóppjónustum og sérþjónustum vinnast af Þjónustu Símsstöðva. Öll viðvik sem Þjónustuborð Símsstöðva vinnur verða gjaldfærð skv. gildandi verðskrá Símans hverju sinni. Lágmarks tímavinna hjá þjónustu Símsstöðva er 15 mín.

6. gr. Umsjónarmaður þjónustukaupa

Þjónustukaupa býðst að fá umsjónarmannaaðgang að vefumhverfi símkerfisins hjá þjónustusala. Þar getur umsjónarmaður þjónustukaupa framkvæmt smávægilegar aðgerðir á borð við nafnabreytingu, stýrt hringiflutningum og bætt notendum inn í fyrirfram stofnaða hringihópa. Allar aðgerðir sem framkvæmdar eru af umsjónarmanni eru á ábyrgð þjónustukaupa og taka gildi um leið og þær eru vistaðar.



7. gr. Búnaður símkerfis

Ef upp koma bilanir í símtæki eða öðrum notendabúnaði, standa þjónustukaupa tveir kostir til boða af hálfu þjónustusala:

1. Þjónustukaupi kemur með eða sendir símtækið í móttöku Símans í Ármúla 25. Þjónustusali hefur samband við þjónustukaupa þegar viðgerð á bilaða símtækinu er lokið. Er þjónustukaupa þá velkomið að sækja símtækið á sama stað og því var skilað. Þessi leið er án kostnaðar fyrir þjónustukaupa, en almennir skilmálar um ábyrgð á notendabúnaði gilda um þann viðgerðarkostnað sem gæti fallið til.
2. Þjónustukaupi óskar eftir því að þjónustusali sjái um að skipta út hinu bilaða tæki, þ.e. komi á staðinn og skipti út símtækinu. Þá er skrifuð út verkbeiðni sem fer í bilanabiðröð hjá þjónustusala. Þjónustukaupi greiðir fyrir þessa vinnu eins og önnur verk og fær því rukkun fyrir akstur og tímavinnu í samræmi við gjaldskrá Símans hverju sinni.

Þess ber að geta að ábyrgð á notendabúnaði gildir í 1 ár frá og með uppsetningu á búnaði nema keypt hafi verið viðbótarábyrgð. Þjónustusali reynir eftir fremsta megni að verða þjónustukaupa út um lánsbúnað á meðan á viðgerð stendur. Þó er sá möguleiki fyrir hendi að lánsbúnaður sé ekki til staðar og því ekki í boði fyrir þjónustukaupa.



Viðauki 2 - Samskipti

Í þjónustuveri Símans starfar hópur sérfræðinga sem eru reiðubúnir að aðstoða þig og þitt fyrirtæki allan sólarhringinn. Þú getur hvort sem er hringt til okkar, sent tölvupóst eða komið í móttökuna okkar.

800 4000 - fyrirtækjaþjónusta Símans:

- Veldu 1 fyrir **Söluáðgjöf**
- Veldu 2 fyrir **Þjónustuborð**
- Veldu 3 fyrir **Reikninga**

Fyrirtækjaráðgjöf

- Fyrirtækjaráðgjöf er opin frá 9-17 alla virka daga.
- Hægt er að senda tölvupóst til Fyrirtækjaráðgjafar í gegnum netfangið 8004000@siminn.is.
- Móttaka fyrir fyrirtæki er að finna í höfuðstöðvum Símans í Ármúla 25. Móttakan er opin frá 9:00 - 16:30 alla virka daga.

Þjónustuborð:

- Þjónustuborðið er opið frá 8-18 alla virka daga. Þjónustuborðið sinnir tæknilegri aðstoð í gegnum síma, greiningu og móttöku á bilunum.
- Hægt er að senda tölvupóst til Þjónustuborðsins í gegnum netfangið hjalp@siminn.is.
- Eftir kl. 18 og um helgar er hægt að hafa samband við Neyðarvakt þjónustuborðs sem sinnir áriðandi málum.

Reikningar:

- Reikningaþjónustan er opin frá 9 - 17 alla virka daga.
- Hægt er að senda tölvupóst til Reikningaþjónustunnar í gegnum netfangið 8004000@siminn.is.

Fyrirtækjaþjónusta Símans kappkostar við að svara öllum fyrirspurnum, hvernig sem þær berast, hratt og örugglega.



Viðauki 3 - Tilboð

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
540602-4410

Stofnverð					
Þjónusta	Fjöldi	Verð	Afláttur	Afláttarverð	Samtals
Áætluð uppsetning símkerfis og afhending 1)	15	17.112 kr.	-	-	256.680 kr.
Afláttur á uppsetningu og afhendingu	15	-17.112 kr.	-	-	-256.680 kr.
Símavist - Stofnverð per notenda	15	6.500 kr.	100%	0 kr.	0 kr.

Stofnverð með VSK 0 kr.
Stofnverð án VSK 0 kr.

Símavist - mánaðargjöld					
Þjónusta	Fjöldi	Verð	Afláttur	Afláttarverð	Samtals
Símavist - Premium	15	1.750 kr.	30%	1.225 kr.	18.375 kr.
Svarvél	0	1.250 kr.	30%	875 kr.	0 kr.
Hringihópur	0	1.050 kr.	30%	735 kr.	0 kr.

Símavist með VSK 18.375 kr.
Símavist án VSK 14.819 kr.

Heildarverð			
-------------	--	--	--

Mánaðargjöld með VSK	18.375 kr.	Stofnverð og símtæki, með VSK	0 kr.
Mánaðargjöld án VSK	14.819 kr.	Stofnverð og símtæki, án VSK	0 kr.

1) Áætlað uppsetningarverð símtækja og símkerfisbúnaðar: Breytingar og/eða viðbætur á tilboði þessu eru ekki innfaldar í uppgefnu verði. Við afhendingu er innifalið að tengja símtæki og synca. Lagnavinna er ekki innifalin og ekkert efni, upphald eða ferðatími.

Virðisaukaskattur af vörum og þjónustu er 24,0%.

Tilboðið er sent út með fyrirvara um breytingar á þjónustum og verðum eins og kemur fram á www.siminn.is.

Tilboðið er útbúið 29.05.2018 og gildir í tvær vikur.

Gert er ráð fyrir að netkerfi þjónustukaupa sé yfirfarið af Símanum eða aðila á vegum Símans og sé með aðgengi að IP neti Símans, en það er utan þessa tilboðs.



Viðauki 4 - Greiðsludreifing á búnaði

Skilmálar vegna greiðsludreifingar á búnaði

1. gr.

Kaupandi skuldbindur sig til þess að greiða umsamið kaupverð skv. tilboð í viðauka 3 með þeim kjörum sem í samningi þessum greinir. Afslættir af búnaði í tilboði miða alltaf við staðgreiðsluverð og gilda því ekki við greiðsludreifingu á búnaði. Mánaðarleg greiðsla afborgana verður innheimt með símareikningi kaupanda. Sé kaupandi ekki áskrifandi af þjónustu Símans er sendur sérstakur reikningur og er þá innheimt útskriftargjald að upphæð kr. 250.

2. gr.

Kaupandi skuldbindur sig til þess að inna af hendi greiðslur á umsömdum gjalddögum. Fyrsti gjalddagi eftirstöðva er 2. mánaðardag næsta mánaðar frá undirritun og síðan 2. hvers mánaðar þar til heildarupphæð er að fullu greidd. Verði ekki staðið í skilum með greiðslu samkvæmt samningi þessum á réttum gjalddögum skal kaupandi greiða dráttarvexti af hinni vangoldnu fjárhæð eins og þeir eru hæstir á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga. Jafnframt skal kaupandi greiða allan kostnað sem leiða kann af vanskilum. Standi kaupandi ekki í skilum með greiðslur afborgana ofangreindrar skuldar á gjalddögum verður öll skuldin gjaldfelld án uppsagnar.

3. gr. Eignarréttarfyrrvari seljanda:


- 3.1. Seljandi, Síminn hf. kt. 460207-0880, er eigandi hins selda búnaðar þar til kaupverðið er að fullu greitt, auk dráttarvaxta og annars kostnaðar, m.a. kostnaðar sem af innheimtuaðgerðum kann að leiða.
- 3.2. Kaupandi hefur eingöngu afnotarétt af búnaðinum þar til kaupverðið er að fullu greitt og er kaupanda óheimilt að ráðstafa búnaðinum, t.d. selja, leigja, veðsetja eða láta forrita tölvu- og símförubúnað þannig að í bága komi við eignarrétt seljanda. Lánardrottnum kaupanda er sömuleiðis á samningstímanum óheimilt að gera fjárnám í búnaðinum eða kyrretsetja hann.
- 3.3. Kaupandi ber fulla ábyrgð á búnaðinum meðan hann er í vörslu hans, og hefur seljandi ætíð rétt á að kynna sér ástand og umhirðu hans.
- 3.4. Afhending á viðskiptabréfum, þ.m.t. tékkum, samþykktum víxlum og skuldabréfum, upphelja ekki eignarrétt seljanda fyrr en fullnaðargreiðsla er komin.
- 3.5. Standi kaupandi ekki í skilum með afborgarnir skv. fyrrgreindu er seljanda heimilt að heimta búnaðinn aftur þegar í stað. Ef andvirði búnaðarins er þá meira en sem nemur eftirstöðvum kaupsamnings skal seljandi endurgreiða kaupanda mismuninn. Sé andvirði búnaðarins hins vegar minna en sem nemur eftirstöðvum kaupsamnings skal kaupandi greiða mismuninn.
- 3.6. Þegar kaupandi hefur staðið í skilum á kaupverði búnaðarins að fullu, þá fyrst telst hann vera réttur og löglegur eigandi búnaðarins.

4. gr

Komi í ljós gallar í búnaðinum, ber kaupanda að tilkynna það tafarlaust á sannanlegan hátt. Um ábyrgð seljanda á búnaðinum fer skv. lögum og almennum ábyrgðarskilmálum seljanda, sem seljandi hefur kynnt kaupanda sérstaklega og skal upphaf ábyrgðarinnar teljast frá afhendingu búnaðarins.

5. gr

Rísi mál út af samningi þessum sem ekki er unnt að leysa með farsælum hætti milli aðila má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

VIÐAUKAR
MEÐ ÞJÓNUSTUSAMNING

Efnisyfirlit

Viðauki 1 – Þjónustupættir og verð.....	3
Viðauki 2 – Samskipti.....	4
1. Bilanatilkyningar.....	4
2. Þjónustustig og forgangsröðun verkbeiðna.....	4
3. Samskiptaleiðir.....	5
4. Umsjónarmenn samnings.....	5

Viðauki 1 – Þjónustupættir og verð

Viðauki 2 – Samskipti

1. Bilanatilkynningar

Tengiliður þjónustukaupa skal við tilkynningu á bilunum gefa upp nafn, símanúmer, farsímanúmer, tölvupóstfang og greinagóða lýsingu á bilun.

Þjónustutími

	Opnunartími	Þjónusta
Þjónustutími	24/7	Svarað allan sólarhringinn

Aðgengi

Dagvinnutími er frá 8-18

Útkallstími er frá 18-8 alla virka daga og um helgar. Þjónustukaupi ber allan kostnað við útköll.

	Opnunartími	Þjónusta
800 4000 - Þjónustuver fyrirtækja hjalp@siminn.is	8.00 - 18.00	Viðgerð hefst í 80% tilfella næsta virka dag eftir að tilkynning berst
800 4000 - Neyðarvakt	18.00 - 8.00	Viðgerð hefst í 80% tilfella næsta virka dag eftir að tilkynning berst

2. Þjónustustig og forgangs röðun verkbeiðna

Þjónustuborð leitast við að leysa hvert verkefni eins fljótt og auðið er, að teknu tilliti til forgangsröðunar sem miðuð skal við eftirfarandi töflu. Leitast skal við að hafa beiðanda með í ráðum og upplýsa um stöðu mála. Móttaka beiðna sem berast í tölvupósti skal staðfest um leið og þær eru settar í viðeigandi farveg.

- Algjör forgangur:** Kerfi liggur niðri og ekki hægt að endurræsa. Lykilstarfsemi verkkaupa liggur niðri.
- Áríðandi:** Ákveðnar einstakar þjónustur eru óvirkar en kerfið gengur.
- Liggur á:** Um er að ræða þjónustur sem ekki virka sem skildi. Einstaka starfsmenn verða fyrir óþægindum.
- Liggur ekki á:** Einstaka starfsmenn geta orðið fyrir smávægilegum óþægindum. Ekki áríðandi breytingar.
- Ótímasett verkefni:** Um er að ræða verkefni sem má bíða næstu heimsóknar/uppfærslu. Enginn starfsmaður verður fyrir slíkri truflun að hann geti ekki sinnt sínum störfum.

Forgangsflokkun		Viðbragðstími til viðmiðunar	Úrlausnartími til viðmiðunar
1	Algjör forgangur	1 klst.	Haldið áfram þar til vandi er leystur
2	Áríðandi	4 klst.	8 klst.
3	Liggur á	8 klst.	40 klst.
4	Liggur ekki á	40 klst.	Næsta skipulagða uppfærsla

Með „viðbragðstíma til viðmiðunar“ er átt við að innan þeirra tímamarka skal vinna við verk hafin, þ.e. verkið komið í hendur réttis aðila og hann byrjaður að takast á við verkið.

Með „úrlausnartíma til viðmiðunar“ er átt við að innan þeirra tímamarka skal Síminn leitast við að ljúka verki með ásættanlegum hætti og með þeim ráðum sem eðlileg eru miðað við forgang málsins.

Viðbragðstími og úrlausnartími miðast við vinnustundir á hefðbundnum opnunartíma þjónustuborðs.

Viðbragðs- og úrlausnartími vegna verkefna í forgangsflokki 1 er óháður því hvort um hefðbundinn opnunartíma þjónustuborðs er að ræða.

Ef ekki er unnt að leysa verkefni innan þessa tímaramma skal þjónustuborðið upplýsa beiðanda um ástæðu(r) og gera áætlun um úrlausn verkefnisins eftir atvikum í samráði við beiðanda.

3. Samskiptaleiðir

Allar verkbeiðnir eða tilkynningar um truflanir á þjónustu skulu berast Símanum skv. eftirfarandi leiðum svo tryggja megi úrlausn þeirra innan setts tímaramma:

- a) Almenn notendabjónusta. Hafa skal samband við þjónustuborð eða skrá inn verkbeiðni í verkbeiðnakerfi Símans.

Sími: 800 4000

Tölvupóstur: hjalp@siminn.is

- b) Ábendingar vegna þjónustu sem ýmist má betur fara eða fer fram úr væntingum má senda til umsjónamanns þjónustusala hjá Símanum.
- c) Neyðartilfelli. Hafa skal samband við þjónustuborð Símans eða skrá inn verkbeiðni í verkbeiðnakerfi Símans. Beiðnum er forgangsráðað af þjónustuborði og brugðist við skv. því. Ef vandamál eru þess eðlis að kalla þurfi út sérfræðinga gera starfsmenn þjónustuborðs það. Neyðartilfelli utan opnunartíma þjónustuborðs skal eingöngu notast í ýtrustu neyð.

Sími: 800 4000

4. Umsjónarmenn samnings

Umsjónarmaður þjónustukaupa

Nafn:

Netfang:

Sími:

Umsjónarmaður þjónustusala

Viðskiptastjóri:

Netfang:

Sími:

Tilboðshafi

Fyrirtæki: Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Kennitala: 540602-4410
Tengiliður: Kristófer
Sími: 4866014
Netfang: kristofer@skeidgnup.is

Tilboðsgjafi

Fyrirtæki: Síminn hf.
Kennitala: 460207-0880
Tengiliður: Björgvin Már Þorvaldsson
Sími: 550 2040
Netfang: b@siminn.is

Tilboð þetta gildir í 3 vikur frá dagsetningu þess og miðast við samning til 3 ára.
Uppsetning og lagnavinna er ekki innifalin í neðangreindum verðum.
Stofnverð og mánaðarverð miðast við listaverð á hverjum tíma.

Farsímaþjónusta					
Þjónusta	Fjöldi	Verð á einingu með VSK	Afsláttur	Heildarverð með afslætti án VSK	Heildarverð með afslætti með VSK
Fyrirtækjaáskrift - 0 GB *		400 kr.			
Fyrirtækjaáskrift - 1 GB *		700 kr.			
Fyrirtækjaáskrift - 5,5 GB *	5	800 kr.		3.226 kr.	4.000 kr.
Fyrirtækjaáskrift - 10 GB *		1.400 kr.			
Fyrirtækjaáskrift - 30 GB *		3.500 kr.			
Fyrirtækjaáskrift - 50 GB *		4.000 kr.			
Netáskrift 1 GB	1	1.700 kr.	60%	548 kr.	680 kr.
Netáskrift 5 GB	2	2.700 kr.	60%	1.742 kr.	2.160 kr.
Aukakort - Allt að 4 kort með 5 GB og stærri netáskrift		600 kr.			

Talsímaþjónusta					
Þjónusta	Fjöldi	Verð á einingu með VSK	Afsláttur	Heildarverð með afslætti án VSK	Heildarverð með afslætti með VSK
Borðsími leið 1 (POTS)	5	1.500 kr.	50%	3.024 kr.	3.750 kr.
Línugjald	5	3.200 kr.		12.903 kr.	16.000 kr.
Beint innval - frátekið númer		50 kr.			
SIP tenging 3 (allt að 30 samhliða símtöl)		14.990 kr.	80%		
Stofntenging ISDN (30rásir)		25.000 kr.	50%		

IP tengingar og internetþjónusta					
Þjónusta	Fjöldi	Verð á einingu með VSK	Afsláttur	Heildarverð með afslætti án VSK	Heildarverð með afslætti með VSK
Aðgangsleið GPON+ 100	4	16.600 kr.	30%	37.484 kr.	46.480 kr.
Internetþjónusta - 100 Mb/s	4	9.200 kr.	80%	5.935 kr.	7.360 kr.
Rekstrarleiga - Cisco 897VA-K9	4	9.000 kr.		29.032 kr.	36.000 kr.
Magnmælt internet - 50 kr GB		50 kr.	30%		

Heimatengingar					
Þjónusta	Fjöldi	Verð á einingu með VSK	Afsláttur	Heildarverð með afslætti án VSK	Heildarverð með afslætti með VSK
Fjarvinna - Endalaust	3	8.100 kr.	54%	9.015 kr.	11.178 kr.
Leigugjald netbeinis	3	750 kr.		1.815 kr.	2.250 kr.

Fjarskiptáþjónusta samtals: **104.724 kr.** **129.858 kr.**
þar af er VSK. **25.134 kr.**


Notkun			
GSM	Verð	Afsláttur	Verð /m afslætti
Fyrirtækjaáskrift: Símtöl í farsíma og heimasíma á Íslandi og endalaus SMS í farsíma á Íslandi, reikað í Evrópu eins og heima *			
Notkun í útlöndum (reiki) - utan RLH landa	Sjá verðskrá á siminn.is **	30%	
Notkun til útlanda	Sjá verðskrá á siminn.is **	30%	
Borðsími	Verð	Afsláttur	Verð /m afslætti
Borðsími upphafsgjöld	15 kr.	100%	



IS 648473

- TRÚNAÐARMÁL -
Útgáfa 1R.2018

Blk. 1 af 2



Borðsími í borðsíma á Íslandi	4 kr.	100%	
Borðsími í GSM innanlands	23 kr.	100%	
Afsláttur af notkun til útlanda (EU)	Sjá verðskrá á siminn.is **	30%	

Aflsláttur af vörum í vefverslun og verslunum Símans	
Afsláttur af vörum ****	Allt að
GSM símar	15%
GSM aukahlutir	15%

Tilboð þetta miðar við að tilboðshafi sé áskrifandi að Rammasamningi Ríkiskaupa og sé á kennitölu Ríkiskaupa sem finna má á vef stofnunarinnar (<https://www.rikiskaup.is/rammasamningar/askrifendur-rammasamninga/>).

Starfsmannatilboð: Starfsmönnum samstarfsfyrirtækja Símans bjóðast sérkjör á völdum þjónustum. Sérkjörin gilda bæði fyrir nýja og núverandi viðskiptavini: <https://www.siminn.is/starfsmannatilbod>

* **Fyrirtækjaáskrift:** Innifalin eru mínútur og SMS í farsíma og heimasíma á Íslandi þar sem notandinn velur númer með handvirkum hætti og staddur á Íslandi eða í Roam like home löndum. Símtöl til útlanda, notkun erlendis og símtöl í yfirgjaldsþjónustu eða upplýsinganúmer eru ekki innifalin í áskriftinni.

Roam like home: Reikað í Evrópu eins og heima. Upplýsingar á <https://www.siminn.is/adstod/farsimi/roam-like-home/>

GSM yfirsýn: Með GSM yfirsýn geta fyrirtæki skilgreint hvaða aðra notkun það greiðir fyrir og hvað starfsmenn greiða sjálfir. Þannig geta starfsmenn sem nota mikið gagnamagn keypt viðbótar gagnamagn sem gjaldfært er á þeirra eigin símareikning.

Aukakort: Samnýttu gagnamagnið með snjalltækjum og 4G netbúnaði og farðu áhyggjulaus í fríð.

Fjölskyldukort: Númer í fyrirtækjaáskrift (0 GB áskrift undanskylin) fylgja allt að 4 fjölskyldukort. Fjölskyldukort greiðist af einstaklingi. Innifalið er endalaust tal og SMS ásamt 10 GB gagnamagni á mánuði.

Krakkakort: Númerum í Fyrirtækjaáskrift fylgja allt að 11 krakkakort. Krakkakort eru frelsisnúmer fyrir börn yngri en 18 ára. Þeim fylgir endalaust tal/SMS og 1 GB. Alltaf hægt að auka gagnamagnið.

Ferðapakki: Lækkaðu símakostnað á ferðalögum til Bandaríkjanna, Kanada, Sviss, Mónakó, Grænlands, Tyrklands, Rússlands, Ísraels, Hong Kong, Kína, Ástralíu og Andorra. Daggjald: 1.000 kr. Gagnamagn: 500 MB. SMS: 0 kr. Móttækin símtöl: 0 kr. Upphafsgjöld símtala til Íslands og allra landa í pakkanum: 0 kr.

Mínútagjald til allra landa í pakkanum: 10 kr.

<https://www.siminn.is/forsida/simi/utlond/ferdapakkinn>

500 eða 2000 mínútur til útlanda: Gildir fyrir símtöl til 42 landa frá Íslandi. <https://www.siminn.is/forsida/simi/utlond>

Spotify Premium: Með Spotify Premium áskrift hjá Símanum greiðir þú ekki fyrir tónlistarstreymið á farsímaneti Símans.

Síminn áskilur sér rétt til þess að loka fyrir notkun tiltekins símanúmers eða gjaldfæra fyrir alla notkun umfram 8.000 mínútur eða 8.000 SMS á mánuði ef í ljós kemur að viðkomandi númer (SIM kort) er notað í svíksamlegum tilgangi eða misnotað, s.s. með því að framkalla símtöl með sjálfvirkum hætti eða með aðstoð tölvu.

** **Símtöl til útlanda:** Verð vegna símtala til og í útlöndum (reiki) má finna hér: <https://www.siminn.is/thjonusta/simi/netid-a-ferdinni/utlandaverd/>

*** **Útseld vinna:** Uppsetning og viðgerðum á talsíma á fyrirtækjamarkaði (POTS), ISDN, xDSL og lagnakerfum. Tengingar og frágangur á ljósleiðarakerfum.

Akstur: Gjald fyrir hverja ferð (Akstur fast gjald)

Forgangur: Forgangur er gjald sem greitt er aukalega til að flýta þjónustu. Viðmið er að farið sé í vinnu sama dag og beiðni berst, ef hún berst fyrir 14:00 en annars fyrir hádegi daginn eftir. Miðað er við almennan vinnutíma, 8:00 – 17:00 virka daga á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

**** **Afsláttur í verslun Símans:** Framlegð sérhverrar vöru verður aldrei neikvæð vegna afsláttu.

